

# **Aðalfundur Skeljungs hf. – 26. mars 2019**

Ályktunartillögur fyrir aðalfund félagsins.

## **1. Tillaga um fundarstjóra**

Tilnefningarnefnd Skeljungs leggur til að Viðar Lúðvíksson, hrl., verði kosinn fundarstjóri fundarins.

## **2. Tillaga um staðfestingu á ársreikningum félagsins**

Stjórn félagsins leggur til að ársreikningar félagsins fyrir árið 2018 verði samþykktir.

## **3. Tillaga um ráðstöfun hagnaðar félagsins**

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2019 vegna rekstrar ársins 2018. Samkvæmt samþykktri arðgreiðslustefnu félagsins er stefnt að því að greiða árlega til hluthafa 30-50% af hagnaði í formi arðgreiðslu eða endurkaupa á hlutum. Í samræmi við framangreint leggur stjórn félagsins fram tillögu um endurkaup á eigin hlutum sem nemur allt að 550 m.kr. að markaðsvirði.

## **4. Tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum félagsins er viðkemur kaupum félagsins á eigin hlutum**

Með vísan til 8. gr. samþykpta félagsins leggur stjórn félagsins til eftirfarandi viðauka við samþykktirnar:

**„Heimild félagsins til að kaupa eigin hluti samþykkt á aðalfundi 26. mars 2019.**

Aðalfundur Skeljungs hf., haldinn þann 26. mars 2019, heimilar stjórn félagsins, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, að kaupa í eitt skipti eða oft, fram að næsta aðalfundi, hlutabréf í félaginu, á kaupverði sem má þó ekki fara yfir kr. 550.000.000,- að markaðsvirði, að því tilskildu að það ásamt dótturfélögum þess, mega einungis eignast allt að 10% hlutafjár þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra.“

## **5. Tillaga að starfskjarastefna félagsins verði óbreytt**

Stjórn félagsins leggur til að gildandi starfskjarastefna verði óbreytt.



## **6. Tillaga að þóknun stjórnarmanna, undirnefnda og endurskoðanda**

Stjórn félagsins leggur til að þóknun verði óbreytt frá síðasta ári, þ.e.:

- a. Stjórnarformaður: 650.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- b. Varaformaður stjórnar: 450.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- c. Meðstjórnendur: 320.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- d. Formaður endurskoðunarnefndar: 100.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- e. Nefndarmaður endurskoðunarnefndar: 60.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- f. Formaður starfskjaranefndar: 60.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- g. Nefndarmaður starfskjaranefndar: 30.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- h. Formaður tilnefningarnefndar: 20.000 kr./klst. í verktöku
- i. Utanaðkomandi nefndarmaður tilnefningarnefndar: 20.000 kr./klst. í verktöku
- j. Stjórnarmaður í tilnefningarnefnd: 60.000 kr. eingreiðsla
- k. Endurskoðandi: samkvæmt reikningum

## **7. Tillögur tilnefningarnefndar að stjórn**

Tilnefningarnefnd leggur til að eftirtaldir frambjóðendur verði kjörnir í aðalstjórn Skeljungs:

- a. Birna Ósk Einarsdóttir
- b. Jens Meinhard Rasmussen
- c. Baldur Már Helgason
- d. Ata Maria Bærentsen
- e. Kristján Geir Gunnarsson

## **8. Tillaga stjórnar að endurskoðanda**

Stjórn leggur til að KPMG verði endurkjörið sem endurskoðunarfyrirtæki félagsins til næsta árs.

Reykjavík, 1. mars 2019

Stjórn Skeljungs hf.